

Eiríkur Rögnvaldsson

Nokkur viðskeyti og tíðni þeirra

Flutt á ráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins, "Að orða á íslensku", 8. nóvember 1986

0. Inngangur

Í þessu erindi ætla ég að segja frá könnun sem ég hef gert undanfarið á tíðni nokkurra viðskeyta í íslensku nútímamáli. Ég vil strax taka fram að þessari rannsókn er langt frá því að vera lokið. Ég hef unnið að henni í hjáverkum undanfarnar vikur, og lagt kapp á að geta sagt frá helstu niðurstöðum hér á þessari ráðstefnu. Mér hefur því ekki gefist tími til að prófa niðurstöðurnar eins vel og skyldi, og því má ekki taka þær tölur sem ég kem hér með of hátíðlega; þær geta átt eftir að breytast eitthvað við nánari athugun, þótt ég geri ekki ráð fyrir að þar muni miklu. Einnig má vinna miklu meira úr þeim tölum sem fyrir liggja, en þar er sama sagan, að til þess hefur ekki unnist tími.¹

1. Textarnir

Ástæðan fyrir því að ég hóf þessa athugun var sú að ég hafði undir höndum mikið af textum úr íslensku nútímamáli; alls 1,4 milljónir lesmálsorða. Til að gefa hugmynd um magnið má nefna að meðalskáldsaga er á bilinu 60-80 þúsund lesmálsorð, þannig að þetta svarar til u.þ.b. 20 slíkra. Mig langaði til að nýta þessa texta til einhverra málfræðilegra athugana, og þá lá beint við að kanna viðskeytanotkun. Viðskeyti eru ekki það mörg, að tiltölulega auðvelt er að finna þau og flokka, þótt þar komi reyndar upp fleiri vandamál en halda mætti að óreyndu.

Textarnir voru af ýmsu tagi. Mest var þar af skáldsögum, bæði íslenskum og þýddum, og einnig var talsvert af efni úr dagblöðum; sjá annars yfirlit í (1).

(1) Tegundir texta:

Blaðafréttir og -greinar um ýmis efni
Bókmenntafræði, bókmenntasaga, gagnrýni
Dýrafræði
Guðfræði, trúarrit
Heimspeki, hugmyndasaga
Íþróttir, ýmsar greinar
Leikritun, leikdómar
Lögfræði
Málfræði
Sagnfræði, ævisögur
Skáldsögur, innlendar
Skáldsögur, þýddar
Tíska og fatnaður
Tölvur og tölvun
Uppeldis- og kennslufræði
Verslun og viðskipti

¹ Um einstök viðskeyti og virkni þeirra sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1982, 1986; Gunnlaug Ingólfsson 1979; Halldór Halldórsson 1969, 1986; Röndu Mulford 1982; Sigurð Jónsson 1984.

Textarnir voru hins vegar ekki sérstaklega valdir til að nota í þessum tilgangi, og vissulega má deila um hversu dæmigerðir þeir séu. Í einstöku tilvikum, þegar um er að ræða fágæt viðskeyti, getur einn texti skekkt heildarmyndina talsvert. Ég hef þó ekki trú á að mikið sé um slíkt hér, þótt erfitt sé að fullyrða um það. Á hitt er að líta, að seint mun hægt að setja fram óumdeilanlegar reglur um það hvernig velja skuli texta til slíkra rannsókna. Á t.d. hver fræðigreinin, hver iðngrein, hvert svið daglegs lífs að fá ákveðinn kvóta? Á að athuga hvaða prentað mál er gefið út á landinu á tilteknu ári og gefa sýnishorn af öllu sem þar er fjallað um? Eða á að velja sýnishorn eftir útbreiðslu texta, þannig að t.d. dagblöð vegi þungt? Um þetta má lengi deila.

Ég stóð þannig að athuguninni að ég byrjaði á að gera stafrófsraðaða orðaskrá úr öllum textunum, þar sem allar orðmyndir komu fyrir í stafrófsröð. Í þessum 1400 þúsund lesmálsorðum reyndust vera 112 þúsund mismunandi orðmyndir. Síðan keyrði ég á skrána forrit til að velja úr henni orð með ákveðnum viðskeytum. Og þá kom strax upp grundvallarspurning: Hvað er viðskeyti?

2. Viðskeytin

Það er langt frá því að auðvelt sé að gefa einhlíta skilgreiningu á viðskeytum. Ég hygg þó að flestir noti orðið í svipaðri merkingu og Baldur Jónsson (1984), og segi að "viðskeyti sé orðmyndunareining, sem fer næst á eftir rót eða stofni, en sé ekki til sem sjálfstætt orð sömu merkingar". Niðurlagið skiptir hér máli; sum þeirra viðskeyta sem hér eru til umræðu eru vissulega til sem sjálfstæð orð. Það á einkum við um *-dómur* og *-háttur*. Um það fyrra hefur Halldór Halldórsson fjallað í grein (1976), þar sem hann sýnir fram á að ýmis orð með *-dómur* sem seinni lið hafi upprunalega verið samsetningar, og seinni liðurinn merkt það sama og orðið *dómur* eitt og sér. *vísdómur* merkti þá 'viturlegur dómur'. Síðan breytist þetta, og *-dómur* glatar sinni upphaflegu merkingu í slíkum samsetningum, en fyrri liðurinn yfirtekur meginmerkinguna; og þá verður að telja að *-dómur* sé orðið viðskeyti, enda tekur Alexander Jóhannesson það með í bókinni *Die Suffixe im Isländischen* (1927). Hann tekur *-háttur* hins vegar ekki með, og vissulega má deila um hvort það skuli teljast viðskeyti. *háttur* er auðvitað til sem sérstakt orð, í mjög svipaðri merkingu og það hefur í mörgum þeim orðum þar sem ég taldi það viðskeyti. Hins vegar virðist mér oft að sjálfstæð merking þess sé tekin að dofna; og meginástæða þess að ég tek það hér með er sú að það hefur oft alveg sömu merkingu eða hlutverk og *-skapur*, sem er ótvírætt viðskeyti. Það er varla nokkur munur á *kjánaháttur* og *kjánaskapur*, svo að dæmi sé tekið. En vissulega er þetta umdeilanlegt.

Í þessum dæmum var um að ræða orðhluta sem eru skýrt afmarkaðir; spurningin var um það hvort þeir skyldu teljast rætur eða viðskeyti. En vandamál við afmörkun viðskeyta felast ekki síður í því að ákvarða hvað telja skuli sérstakar orðmyndunareiningar og hvað ekki. Oft er það nefnilega svo að viðskeyti hafa glatað sérstakri merkingu eða hlutverki, og runnið svo saman við rótina að þar er ekki hægt að greina á milli nema með allmiklum lærdómi. Lítum t.d. á eina mynd úr fyrstu útgáfu málfræði Björns Guðfinnssonar (1937).

(2)	<i>Orð</i>	<i>Forsk.</i>	<i>Rót</i>	<i>Viðsk.</i>	<i>Stofn</i>	<i>Beygend.</i>
	farald		far-	-ald-	farald	
	líkan		lík-	-an-	líkan	
	gefandi	gef-	-and-	gefand--i		
	kunnátta		kun-	-n-átt-	kunnátt-	-a
	mold		mol-	-d-	mold	
	glaður		gla-	-ð-	glað-	-ur
	glóð		gló-	-ð-	glóð	

jörð	jör-	-ð-	jörð		
gróður	gró-	-ð(u)r-	gróð(u)r		
göfga	göf-	-g-	göfg-	-a	
eyja	ey-	-j-	eyj-	-a	
afl	af-	-l-	afl		
karl	kar-	-l-	karl		
kerling	ker-	-l-ing	kerling		
sími	sí-	-m-	sím-	-i	
glaumur	glau-	-m-	glaum-	-ur	
gleymska	gley-	-m-sk-	gleymsk-	-a	
sókn	sók-	-n-	sókn		
hernaður	her-	-nað-	hernað--ur		
lifnaður	lif-	-n-að-	lifnað-	-ur	
heilsa	heil-	-s-	heils-	-a	
elska	el-	-sk-	elsk-	-a	
fermsla	fer-	-m-sl-	fermsl-	-a	
mylsna	myl-	-sn-	mylsn-	-a	
lyst	lys-	-t-	lyst		
hjarta	hjar-	-t-	hjart-	-a	
göfugur	göf-	-ug-	göfug-	-ur	
förull	för-	-ul-	förul-	-l	
náungi	ná-	-ung-	náung-	-i	
jötunn	jöt-	-un-	jötun-	-n	
mölva	möl-	-v-	mölv-	-a	
andbyr	and-	byr	andbyr		
ófær	ó-	fær	ófær		
torlærður	tor-	lær-	-ð-	torlærð-	-ur

Hér eru orð greind samviskusamlega niður í orðmyndunareiningar eftir uppruna sínum. Sumt af því sem þar kemur fram speglar vissulega kunnáttu sem hver einasti Íslendingur býr yfir, meðvitað eða ómeðvitað, án þess að hafa lært nokkuð í málsögu eða orðmyndunarfræði. Þannig vitum við öll að hægt er að skeyta *-andi* við sagnir og búa til nafnorð, sbr. *gefandi*; að *-ugur* og *-ull* eru algeng viðskeyti í lýsingarorðum og leiða þau af öðrum orðflokkum, sbr. *göfugur*, *förull*; o.s.frv. En æði margt af því sem þarna er sýnt hugsa ég að komi venjulegum málnotendum spáskt fyrir sjónir, s.s. að *elska* skuli samsett úr rótinni *el-* og viðskeytinu *-sk-*, eða *sími* úr rótinni *sí-* og viðskeytinu *-m-*, eða þá *afl* úr rótinni *af-* og viðskeytinu *-l-*. Í öllum þessum tilvikum, og mörgum fleiri, er óhætt að fullyrða að rót og viðskeyti séu runnin svo saman að venjulegir málnotendur sjái þar engin skil.

Við val viðskeyta sleppti ég öllum sem ég taldi að nútíma Íslendingar ættu erfitt með að greina frá rót út frá samtímalegum rökum. Auk þess sleppti ég nokkrum viðskeytum sem Alexander Jóhannesson telur aðeins koma fyrir í örfáum orðum, og ég taldi ekki virk, þ.e. ekki nothæf við nýmyndun orða í nútímamáli. Mat á því hvaða viðskeyti málnotendur greini frá rót, og hver sé hægt að nota í orðmyndun, hlýtur alltaf að verða einstaklingsbundið að einhverju leyti. Ég legg þó áherslu á að þau viðskeyti sem hér gæti verið álitamál hvort eigi að taka með eða ekki eru öll mjög fágæt.

Auk þess takmörkuðu tæknilegar ástæður nokkuð val viðskeyta. Augljóst er að svo stórt safn sem hér um ræðir er ekki hægt að kanna af neinu viti nema í tölvu. Ég notaði sérstakt forrit til að

lesa heildarsafnið, og skrifa orð með ákveðnum stafaröðum út í sérstaka skrá, ef leyfilegar endingar komu á eftir. Væri verið að leita að viðskeytinu *-ar-*, stansaði forritið við orðmyndina *kennarans*, fann út að *-ans* væri leyfileg ending veikra karlkynsorða, og skrifaði orðið því út í sérstaka skrá. Myndir eins og *hamar* og *strákarnir* koma hins vegar ekki með, því að forritið veit að hvorki *Ø* né *-nir* er leyfileg ending í þessu tilviki. Þó verður aldrei komist hjá því að eitthvað komi með af orðum sem ekki hafa viðkomandi viðskeyti í raun og veru. Þannig er erfitt að útiloka orð eins og *sterkari*; þau hljóta að koma með. Það var því nauðsynlegt að fara gegnum allar skrárnar eftir á og eyða úr þeim aðskotaorðum. Það liggur í augum uppi að þeim mun lengra sem viðskeytið er, því auðveldara er að velja orð með því úr stærri skrá. Sambandið *-leg-* kemur sjaldan fyrir utan viðskeytisins *-legur*, og sambandið *-elsi* sjaldan nema í viðskeytinu *-elsi*, o.s.frv. Þegar um er að ræða tveggja stafa viðskeyti hlýtur alltaf talsvert af aðskotaorðum að koma með; og viðskeyti sem eru bara einn stafur er mjög erfitt að finna með þessari aðferð. Það er nefnilega svo algengt að sá stafur komi fyrir aftast í stofni, með leyfilegar beygingarendingar á eftir, án þess að vera viðskeyti. Ég tók því þann kost að sleppa flestum slíkum viðskeytum. Reyndar hefði ég hvort eð er sleppt þeim flestum af öðrum ástæðum; fæst þeirra verða nefnilega talin virk og auðgreinanleg frá rót í nútímamáli. Helsta undantekningin er viðskeytið *-i-*, eins og í *læknir*, *hljóðriti*, *speki* o.s.frv. - hvort sem á nú að telja það sama viðskeytið eða ekki. Því fylgja reyndar þau vandræði til viðbótar, að það fellur brott í mörgum myndum, þannig að þar verður það ekki með nokkru móti fundið á vélrænan hátt. Því hefði þurft að fara gegnum alla skrána án aðstoðar tölvu, og ég lagði ekki í það í þetta skipti a.m.k. Þó tók ég með tvö viðskeyti sem eru aðeins eitt hljóð, *-í*, eins og í *sinfónía*, og *-ó*, sbr. *Sigló*, *púkó* o.s.frv. Hvorugt þeirra fellur brott í beygingu, og fáir aðrir stofnar enda á *í* og *ó*, þannig að þessi viðskeyti voru tiltölulega auðfundin.

Það er líka álitamál hvað eigi að telja sérstök viðskeyti og hvað ekki. Við mat á því fór ég eingöngu eftir samtímalegum rökum, en ekki sögulegum. Þannig getur verið í sumum tilvikum að það sem ég taldi sama viðskeytið sé sögulega séð af tvennum toga; og öfugt, að það sem ég taldi tvö viðskeyti sé sögulega séð eitt og hið sama. Sum viðskeyti eru til í fleiri en einum orðflokki, s.s. *-sk-*, sem er til bæði í lýsingarorðum, *íslenskur*, og nafnorðum, *íslenska*. Mörg eru til í fleiri en einu kyni, s.s. *-ung* og *-ing* bæði í kk. og kvk. (*konungur*, *Íslendingur*, *nýjung*, *drottning*), *-an* í öllum kynjum (*ameríkani*, *skipan*, *líkan*), og einnig eru dæmi um að sama viðskeytið sé notað bæði með sterkri og veikri beygingu í sama kyni. Þar má nefna *-leikur/-leiki* (*sannleikur*, *sannleiki*) og *-ing-* (*vitringur*, *hirðingi*). Í öllum þessum tilvikum taldi ég viðskeytin tvö eða þrjú, eftir því sem við átti, nema *-leikur/-leiki* var talið eitt og sama viðskeytið, vegna þess að þar hafa sömu orðin oft bæði veika og sterka beygingu til skiptis. Einnig voru *-(n)aður* og *-(n)uður*, eins og í *verknaður* og *söfnuður* talin það sama, enda oft víxl þar á milli. Sömuleiðis eru kvenkynsviðskeytin *-an* og *-un* talin sem eitt, enda eru þar einnig víxl (*skipan*, *skipun*). Enn fremur verður að geta þess, að vissulega eru ekki öll dæmin um viðskeytið *-leg-* úr lýsingarorðum; eins og menn vita er það mjög algengt í atviksorðum líka. Þar á milli er þó ómögulegt að greina að öllu leyti út frá orðmyndunum einum, án samhengis, svo að ég gerði þar engar tilraunir til flokkunar.

Í áður nefndri bók Alexanders Jóhannessonar, *Die Suffixe im Isländischen*, eru talin alls tæp 130 viðskeyti. Endanleg tala hjá mér varð 48. Þessar tölur eru þó ekki alveg sambærilegar, því að stundum telur Alexander það eitt viðskeyti sem ég tel tvö, og öfugt. Öll þau viðskeyti sem ég kannaði eru talin hjá Alexander nema þrjú; *-háttur*, sem áður var nefnt, og svo *-ismi* og *-isti*. Þetta eru nýleg tökuviðskeyti, en af *Slangurorðabókinni* að dæma eru þau orðin að einhverju leyti frjú í nýmyndun orða í íslensku, sbr. orð eins og *fallisti*.

Þegar að því kom að fara gegnum hverja einstaka skrá komu upp ýmis vafaatriði varðandi það

hvað taka skyldi með. Tökum dæmi af viðskeytinu *-andi*. Venja er að telja þetta beygingarendingu lh. nt., en viðskeyti, þegar orðið stendur sem no. Þetta er hins vegar ekki alltaf hægt að sjá í skránni, þar sem orðin eru án samhengis. Oft var þetta að vísu ótvírætt, þegar orðið beygðist; en í vafatilvikum flokkaði ég orðin sem sagnmyndir - og tók þau ekki með - ef ég kannaðist ekki við að þau væru notuð sem nafnorð. Sú flokkun hlýtur þó augljóslega að vera nokkuð tilviljanakennd.

Enn er því við að bæta, að fjölmörg dæmi eru um orð sem virðast hafa eitthvert viðskeyti að geyma, en fyrri hlutinn, rótin sem ætti að vera, kemur hvergi annars staðar fyrir. Við getum tekið orðið *meistari*; *-ari* er vel þekkt úr fjölda orða, en hvað er *meist-*? Einnig má nefna orð eins og *vitund* og *verund*; við þykjumst greina þar viðskeytið *-und*, og tengjum fyrri hlutann auðveldlega við sagnirnar *vita* og *vera*; en hvað er *teg-* í *tegund*? Og svo mætti lengi telja, og slík álitamál komu upp við næstum hvert einasta viðskeyti. Í öllum slíkum tilvikum taldi ég orðin viðskeytt, jafnvel þótt sú greining færi stundum í bága við uppruna orðanna, nema ég teldi einhver sérstök rök mæla gegn því að málnotendur greindu sundur rót og viðskeyti í orðunum. Hér gildir þó auðvitað hið sama og svo víða, að þarna ræður persónulegt mat miklu.

3. Niðurstöður

En nú er mál til komið að líta dálítið á niðurstöðurnar úr könnuninni. Þær má sjá hér í (3), þar sem viðskeytunum 48 er raðað eftir mismunandi atriðum.

(3)

<i>Samanlögð tíðni orðmynda með hverju viðskeyti</i>	<i>Fjöldi mismunandi orðmynda með hverju viðskeyti</i>	<i>Fjöldi mismunandi orða með hverju viðskeyti</i>	<i>Fjöldi mismunandi róta sem hvert viðskeyti tengist</i>
-leg-ur 13386	-leg-ur 3529	-ing 1689	-leg-ur 767
-ing 8667	-ing 2110	-leg-ur 1210	-un 274
-un 5297	-un 1383	-un 808	-ing 224
-sk-ur 3864	-ing-ur 991	-ing-ur 732	-sk-ur 192
-ing-ur 3659	-sk-ur 784	-sk-ur 551	-ar-i 148
-il-l(lo) 2337	-ar-i 596	-ar-i 334	-ing-ur 122
-sl-a 1817	-sl-a 565	-sl-a 334	-leik-ur 87
-ar-i 1654	-il-l(no) 404	-il-l(no) 243	-ug-ur 74
-(n)að-ur 1513	-(n)að-ur 393	-(n)að-ur 214	-ni 74
-il-l(no) 1490	-ug-ur 372	-ni 181	-and-i 69
-ni 1275	-ni 266	-leik-ur 129	-il-l(no) 67
-and-i 1005	-leik-ur 246	-il-l(lo) 116	-sl-a 65
-leik-ur 998	-and-i 208	-ing-i 113	-ism-i 58
-al-l(lo) 982	-il-l(lo) 192	-and-i 110	-skap-ur 50
-und 662	-ung-ur 163	-sk-a 105	-hátt-ur 49
-ung-ur 633	-ling-ur 159	-ling-ur 98	-ist-i 48
-ling-ur 624	-ing-i 142	-stur 97	-ung-ur 47
-í-a 579	-stur 136	-í-a 90	-í-a 44
-ug-ur 549	-í-a 127	-ug-ur 85	-sam-ur 44
-indi 462	-sk-a 110	ung-ur 83	-semi 42
-stur 403	-hátt-ur 107	-semi 69	-ótt-ur 39
-ing-i 389	-und 105	-skap-ur 66	-(n)að-ur 37

-skap-ur	369	-skap-ur	102	-und	62	-ing-i	33
-semi	292	-ræn-n	102	-indi	61	-ling-ur	29
-átt-a	279	-ul-l(no)	99	-ism-i	60	-ul-l(no)	28
-sk-a	275	-ism-i	95	-ul-l(no)	59	-sk-a	25
-ul-l(no)	257	-al-l(no)	94	-hátt-ur	53	-dóm-ur	22
-ræn-n	239	-ótt-ur	90	-ist-i	53	-lát-ur	22
-dóm-ur	223	-semi	90	-al-l(no)	51	-ræn-n	21
-al-l(no)	212	-ist-i	89	-sam-ur	50	-ó	21
-hátt-ur	208	-dóm-ur	87	-ótt-ur	49	-læti	21
-ist-i	189	-sam-ur	86	-átt-a	40	-indi	21
-an	189	-indi	77	-dóm-ur	39	-al-l(no)	20
-(n)esk-ur	172	-átt-a	75	-(n)esk-ur	24	-(n)esk-ur	17
-sam-ur	152	-lát-ur	68	-ræn-n	24	-ul-l(lo)	17
-læti	150	-(n)esk-ur	65	-lát-ur	23	-átt-a	9
-ótt-ur	147	-ul-l(lo)	53	-læti	23	-und	8
-ism-i	145	-al-l(lo)	37	-ul-l(lo)	21	-ung	7
-eskj-a	136	-læti	33	-ó	21	-rí	7
-lát-ur	130	-ó	30	-al-l(lo)	19	-erni	7
-ul-l(lo)	115	-an	23	-elsi	13	-stur	7
-ó	102	-ung	19	-erni	11	-heit	5
-ung	73	-elsi	19	-rí	8	-eskj-a	5
-elsi	59	-eskj-a	17	-eskj-a	8	-elsi	5
-erni	47	-erni	17	-ung	7	-ald	4
-rí	23	-rí	11	-an	5	-an	3
-ald	9	-ald	8	-ald	5	-il-l(lo)	3
-heit	7	-heit	6	-heit	5	-al-l(lo)	2

Í fremsta dálknum eru viðskeytin í röð eftir lækkandi tíðni. Þar kemur fram orð með viðskeytinu *-legur* koma fyrir alls 13386 sinnum í þessum 1400 þúsund orðum. Það táknar að u.þ.b. hundraðasta hvert orð í texta að meðaltali er með þetta viðskeyti. Næst koma svo tvö viðskeyti kvenkynsnafnorða, *-ing* og *-un*. Í fjórða sæti er lýsingarorðaviðskeytið *-sk-*, og í fimmta sæti viðskeytið *-ingur* í karlkynsnafnorðum. Svo er nokkuð niður í þau sem þar koma á eftir. Nokkur viðskeyti koma svo ekki fyrir nema innan við einu sinni að meðaltali í 10 þúsund orða texta.

Það má svo auðvitað deila um hvaða aðferð gefi besta mynd af stöðu einstakra viðskeyta í málinu. Þess vegna eru dálkarnir fjórir, og í þeim næsta er orðunum raðað eftir lækkandi fjölda orðmynda. Þannig koma fyrir í textunum 3529 mismunandi orðmyndir sem innihalda viðskeytið *-leg-*. Reyndar er röð þriggja efstu orðanna hér sú sama og í dálknum á undan, en fjórða og fimmta orðið skipta um sæti. Óvíða er mikill munur á röðinni. Viðskeytin *-ni*, *-skapur*, *-semi*, *-dómur* og *-átta* eru þó öll lægri hér en í dálknum á undan; ástæðan er sú að þessi orð eru mörg hver ekki notuð í fleirtölu, og þess vegna eru myndir þeirra færri en við væri að búast. *-ugur*, t.d., er hins vegar lýsingarorðaviðskeyti, en mögulegar endingar lýsingarorða eru miklu fleiri en nafnorða.

Í þriðja dálknum birtast enn lægri tölur. Þar er búið að steypa saman öllum beygingarmyndum hvers orðs, og hvert uppflettiorð því aðeins talið einu sinni, óháð því hve margar beygingarmyndir þess er að finna í safninu. Þá bregður svo við að tvö efstu orðin skipta um sæti; það eru talsvert fleiri mismunandi orð með kvenkynsviðskeytinu *-ing* en með lýsingarorðsviðskeytinu *-legur*. Það er líka skiljanlegt út frá því sem áður var sagt; í

-ing-orðunum koma miklu færri beygingarendingar til greina en í lýsingarorðum. Þess vegna lækkar tala þeirra ekki svo mjög hér. Aftur á móti lækkar tala *-legur*-orðanna nærri þrefalt, vegna þess að þar eru svo margar mismunandi beygingarmyndir af hverju orði hugsanlegar. Athyglisvert að nafnorðsviðskeytið *-ska* hefur 105 mismunandi orðmyndir, en aðeins 5 mismunandi beygingarmyndum fleira. Það táknar að af flestum orðum með því viðskeyti komi aðeins fyrir ein beygingarmynd.

Fjórði og síðasti dálkurinn segir svo e.t.v. mest um virkni viðskeytanna. Þar er nefnilega ekki einasta búið að steypa saman öllum beygingarmyndum sömu orða, eins og í dálknum á undan, heldur líka öllum dæmum þar sem hvert viðskeyti tengist sömu rót. Þannig er steipt saman orðum eins og *félagsstofnun*, *málvísindastofnun*, *bókmenntafræðistofnun*, *ríkisstofnun* o.s.frv. Hugmyndin á bak við þetta er sú, að virkni viðskeyta hljóti að einhverju leyti að mega marka af því hve mörgum mismunandi rótum hvert þeirra getur tengst. Reyndar er þarna ekki bara um rætur að ræða; sum viðskeyti bætast nefnilega við önnur viðskeyti, og því var steipt saman orðum eins og *vísindalegur*, *veikindalegur* o.s.frv. Einstöku viðskeyti sem eru ofarlega í hinum dálkunum detta niður undir botn í þessum. Þannig er með lýsingarorðaviðskeytið *-il-*, sem er það sjötta efsta í fremsta dálknum; hér dettur það niður í næstneðsta sæti, því að það kemur einungis fyrir í þremur orðum, *heimill*, *mikill* og *lítill*, en af tveim þeim síðarnefndu eru til afskaplega margar samsetningar.

En hér sýnir *-legur* gífurlega yfirburði; er hátt í þrisvar sinnum hærra en þau næstu. Athyglisvert er að *-ing* dettur hér niður í þriðja sæti; það tengist ekki svo mörgum rótum, en þær rætur eru hins vegar frjóar í samsetningum.

Til að reyna nú að fá einhverja heildarmynd af þessu öllu saman bjó ég til fimmtu skrána upp úr þessum. Hún er þannig gerð að ég gaf orði stig fyrir sæti þess í hverri skrá, þannig að fyrsta sætið gaf eitt stig, annað tvö o.s.frv. Síðan raðaði ég viðskeytunum eftir hækkandi tölu í þessari samlagningu. Það má auðvitað lengi deila um hvort þetta gefi réttari mynd en eitthvað annað, en ég tel samt að þetta eigi að sýna nokkuð vel stöðu ýmissa viðskeyta í málinu.

(4)		
1	-leg-ur	(hraust- <i>leg</i> -ur)
2	-ing	(bylt- <i>ing</i>)
3	-un	(stofn- <i>un</i>)
4	-sk-ur	(íslen- <i>sk</i> -ur)
5	-ing-ur	(Reykvík- <i>ing</i> -ur)
6	-ar-i	(kenn- <i>ar</i> -i)
7	-sl-a	(kenn- <i>sl</i> -a)
8	-il-l (no)	(hem- <i>il</i> -l)
9	-ni	(gæt- <i>ni</i>)
10	-leik-ur	(sann- <i>leik</i> -ur)
11-12	-(n)að-ur	(verk- <i>nað</i> -ur)
11-12	-and-i	(eig- <i>and</i> -i)
13	-ug-ur	(auð- <i>ug</i> -ur)
14	-ung-ur	(fjórð- <i>ung</i> -ur)
15	-ling-ur	(ung- <i>ling</i> -ur)
16	-í-a	(sinfón- <i>í</i> -a)
17	-ing-i	(band- <i>ing</i> -i)
18	-il-l (lo)	(mik- <i>il</i> -l)
19	-skap-ur	(kjána- <i>skap</i> -ur)

20	-sk-a	(gleym- <i>sk</i> -a)
21	-semi	(gaman- <i>semi</i>)
22	-hátt-ur	(hugsunar- <i>hátt</i> -ur)
23	-stur	(rek- <i>stur</i>)
24	-und	(vit- <i>und</i>)
25	-ism-i	(kommún- <i>ism</i> -i)
26	-ul-l (no)	(jök- <i>ul</i> -l)
27	-ist-i	(fas- <i>ist</i> -i)
28	-indi	(leið- <i>indi</i>)
29	-sam-ur	(hamingju- <i>sam</i> -ur)
30	-ræn-n	(nor- <i>ræn</i> -n)
31	-ótt-ur	(hol- <i>ótt</i> -ur)
32	-al-l (no)	(stað- <i>al</i> -l)
33	-dóm-ur	(vís- <i>dóm</i> -ur)
34	-átt-a	(vin- <i>átt</i> -a)
35	-lát-ur	(þorst- <i>lát</i> -ur)
36	-(n)esk-ur	(jarð- <i>nesk</i> -ur)
37	-al-l (lo)	(gam- <i>al</i> -l)
38	-læti	(þakk- <i>læti</i>)
39-40	-ó	(tyggj- <i>ó</i>)
39-40	-ul-l (lo)	(spur- <i>ul</i> -l)
41	-an	(lík- <i>an</i>)
42-43	-ung	(nýj- <i>ung</i>)
42-43	-eskj-a	(mann- <i>eskj</i> -a)
44	-elsi	(bakk- <i>elsi</i>)
45	-erni	(ætt- <i>erni</i>)
46	-rí	(fiski- <i>rí</i>)
47-48	-heit	(fín- <i>heit</i>)
47-48	-ald	(rek- <i>ald</i>)

Það verður þó að leggja áherslu á að þetta miðast einungis við ritmál, og niðurstöðurnar yrðu örugglega eitthvað frábrugðnar ef talmál væri athugað. A.m.k. er ljóst að viðskeytið *-ó* myndi þá hækka allmjög á skránni. Nokkra hugmynd um þetta má fá af grein Sigurðar Jónssonar (1984). Þar kemur fram að í *Slangurorðabókinni*, sem ætla má að endurspegli talmál, eru alls 114 orð með *-ó*, sem er rúmlega helmingi meira en með *-ing*, um 30 fleiri en með *-un*, og 6 færri en með *-ari*. Önnur viðskeyti sem eru mun algengari í *Slangurorðabókinni* en hér eru *-isti* og *-rí*; væntanlega nýtur hvorugt þeirra fullrar viðurkenningar sem íslenska. Að auki má nefna viðskeytið *-sjón*, sem 17 dæmi eru um í *Slangurorðabók*; eitt einasta dæmi fannst um það í þeim textum sem ég skoðaði. Að vísu leitaði ég ekki að hinni erlendu ritmynd þess, *-tion*; en hæpið er hvort rétt sé að telja orð sem þannig eru skrifuð íslensku.

4. Lokaorð

Ég hef í rauninni ekki mikið meira um þetta að segja á þessu stigi málsins. Hér liggur fyrir heilmikill efniviður, og það er ljóst að hægt er að vinna úr honum á ýmsa vegu. Þegar ritmálsskrá Orðabókar Háskólans verður aðgengileg í tölvutækri mynd má athuga hversu mörg orð er þar að finna með hverju viðskeyti, og sjá þannig hvert sambandið er á milli fjölda í málinu og tíðni í texta. Þar má einnig sjá aldur bæði elsta og yngsta dæmis um hvert orð, og

rekja þannig að einhverju leyti æviferil einstakra viðskeyta; athuga hvenær þau eiga sinn uppgangstíma, blómaskeið og hnignun. Nú þegar Íslendingasögurnar eru til í tölvutækri mynd væri líka mjög forvitnilegt að gera sambærilega könnun á þeim, og sjá hvernig hlutfallið milli einstakra viðskeyta hefur breyst. Þetta og margt fleira væri hægt að gera; en mér hefur ekki unnið tími til þess enn, hvað sem síðar verður.

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands
101 REYKJAVÍK
eirikur@rhi.hi.is

Ritaskrá:

- Alexander Jóhannesson. 1927. *Die Suffixe im Isländischen*. Fylgirit Árbókar Háskólans 1927. Reykjavík.
- Baldur Jónsson. 1984. Samsett nafnorð með samsetta liði. Fáeinar athuganir. *Festskrift til Einar Lundeby* 3. október 1984, bls. 158-174. Oslo.
- Björn Guðfinnsson. 1937. *Íslensk málfræði* handa skólum og útvarpi. Ríkisútvarpið, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1982. *Orðmyndun og orðmyndunarreglur í íslensku*. Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1986. *Íslensk orðhlutafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gunnlaugur Ingólfsson. 1979. Lítið eitt um lýsingarorð sem enda á *-ugur*. *Íslenskt mál* 1:43-54.
- Halldór Halldórsson. 1969. Nokkur erlend viðskeyti í íslensku og frjósemi þeirra. *Einarsbók*. Afmælikveðja til Einars Ól. Sveinssonar 12. desember 1969, bls. 71-106.
- Halldór Halldórsson. 1976. Falling Down to a Suffix Status. A Morphosemantic Study. *Nordiska studier i filologi och lingvistik*. Festskrift tillägnad Gösta Holm på 60-årsdagen den 8. juli 1976, bls. 162-172. Carl Bloms Boktryckeri A.-B., Lund.
- Halldór Halldórsson. 1984. Íslensk orðmyndun. Margra kosta völ. *Norrænt tímarit um fagmál og íðorð* 2:4-9.
- Mulford, Randa. 1982. On the Acquisition of Derivational Morphology in Icelandic: Learning about *-ari*. *Íslenskt mál* 5:105-125.
- Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson. 1982. *Orðabók um slangur slettur bannorð og annað utangarðsmál*. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Sigurður Jónsson. 1984. Af hassistum og kontóristum. *Íslenskt mál* 6:155-165.